

Samgöngustofa
Ármúla 2
samgongustofa@samgongustofa.is

Reykjavík, 9. júní 2022
UST202110-261/P.B.S.
09.04.03

Takmarkanir á flugi við Látrabjarg

Látrabjarg var friðlýst sem friðland í mars árið 2021. Markmið friðlýsingarinnar er m.a. að vernda sérstætt og fjölbreytt lífríki Látrabjargs og búsvæði fugla, einkum varpsvæði sjófugla í einum mestu fuglabjörgum við Norður-Atlantshaf. Friðlýsingunni er jafnframt m.a. ætlað að vernda og viðhalda náttúrulegu ástandi svæðisins ásamt mikilfenglegu landslagi frá sjávarmáli upp á hæstu brúnir.

Mörk friðlandsins má sjá á meðfylgjandi korti. Sá hluti Látrabjargs sem er innan friðlýsta svæðisins er um 9,7 km langur og er bjargið þar hæst um 444 metrar yfir sjávarmáli. Friðlandið nær jafnframt til hafsbotns, lífríkis og vatnsbols 2 km frá landi.

Mikil fækkun hefur átt sér stað frá því að stofnstærðir einkennistegunda í Látrabjargi voru fyrst metnar árið 1985 af Náttúrufræðistofnun Íslands og samkvæmt nýjustu talningu sem fram fór sumarið 2021 (óbirt gögn frá NÍ) hefur á þessu árabili fækkað um meira en helming hjá álku, tæplega helming hjá fýl, ritu og langvíu og stofn stuttnefju er einungis fimmtungur af því sem hann var árið 1985.

Í aðdraganda friðlýsingar á Látrabjargi lögðu landeigendur ríka áherslu á að settar verði takmarkanir á flug í nágrenni við bjargið þar sem reynslan hefur sýnt að umferð loftfara hefur valdið truflunum á fuglalífínu í bjarginu. Látrabjarg er í heildina um 14 kílómetra langt en þéttbýlustu varpsvæðin eru innan friðlandsmarka og víða egg á hverri syllu og snös. Fælist fuglinn snögglega á hann það til að sópa undan sér eggjnu þegar hann tekur af stað og truflun af völdum loftfars gæti leitt til nokkurs konar dómínó áhrifa þar sem viðkomandi hluti bjargsins myndi þá hreinsast af eggjum á skömmum tíma. Sé liðið á varptímum þegar fuglinn missir frá sér egg nær hann ekki að verpa á ný og koma upp unga og varpið misferst því.

Í vinnu við gerð friðlýsingarskilmála fyrir Látrabjarg var rætt um að frekari tilmæli varðandi flug ættu heima í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið, þar sem heimilt er að setja sérstakar reglur um umferð og dvöl skv. 81. gr. laga um náttúruvernd. Þá kemur einnig fram í 6. gr. friðlýsingarskilmála að nánar skuli fjallað um umferð um friðlandið í stjórnunar- og verndaráætlun.

Þegar hafa verið sett tilmæli í Flugmálahandbók Íslands (AIP), kafla 5.6. um farfugla og svæði með viðkvæmu dýralífi. Þar er Látrabjarg tilgreint sem svæði með viðkvæmu dýralífi og bent á þær reglur sem gilda varðandi flug í grennd við fuglabjörg og þá aðgát sem hafa skal í nánd við varplönd fugla.

Umhverfisstofnun hefur sett upp eftirfarandi tillögu í samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands sem myndi þá koma fram sem sérregla í stjórnunar- og verndaráætlun:

„Allt flug innan 3000 feta hæðar yfir hæstu brúnum friðlandsins er óheimilt á tímabilinu 1.apríl–30. september. Undanskilið banninu eru leitar- og björgunaraðgerðir og starfsemi Landhelgisgæslunnar og annarra stofanana sem sinna lögbundum rannsóknum og eftirlitshlutverki með náttúru- og menningarminjum.“

Sú hæðartakmörkun sem lagt er til að sett verði fram í sérreglunni hér að ofan hefur, samkvæmt upplýsingum frá Samgöngustofu, ekki áhrif á hefðbundnar flugleiðir. Með takmörkun umferðar er stuðlað að því að verndun varpsvæða sjófugla í Látrabjargi verði náð. Til þessa var meðal annars litið þegar reglur um takmarkanir á umferð skipa og báta, innan þessa hluta friðlands sem nær í sjó fram, voru settar í friðlýsingarskilmála fyrir svæðið.

Umhverfisstofnun telur nauðsynlegt að setja takmarkanir á flughæð í ljósi þess að líffræðileg fjölbreytni svæðisins er mikil og þar er að finna mjög fjölskrúðugt fuglalíf. Látrabjarg er alþjóðlega mikilvægt fuglasvæði, en bjargið er stærsta fuglabjarg Evrópu og hvergi á Íslandi er sjófuglabbyggð meiri en þar. Á svæðinu hafa orpið yfir 45 tegundir fugla og þar á meðal tegundir sem eru á valista og tegundir sem Íslendingar bera alþjóðlega ábyrgð á.

Fordæmi þeirrar hæðartakmörkunar sem hér er lögð fram er að finna í friðlýsingarskilmálum um friðland í Þjórsárverum. Auglýsingu nr. 870/2017.

Umhverfisstofnun óskar eftir afstöðu Samgöngustofu til þeirrar reglu er varðar flug við Látrabjarg sem hér er sett fram en stofnunin telur brýnt að afstaða Samgöngustofu liggi fyrir áður en stjórnunar- og verndaráætlun fer í kynningarferli og að viðeigandi samráð hafi átt sér stað.



 UMHVERFISSTOFNUN http://www.ust.is	Látarbjarg	 Friðland  Vegir	Flátmál: 37 km ²
			Kortavörpun: Lambert keiluvörpun
			Hnattstaða: ISN93
			Kortagerð: Guðni Hannesson LMI
			Dag: 07.10.2020
			© Landmælingar Íslands

Virðingarfyllst,

Þórdís Björt Sigþórsdóttir
teymisstjóri

Edda Kristín Eiríksdóttir
sérfræðingur